

Menntasmiðjan

Afhending 2014/58

Menntasmiðja kvenna á Akureyri hóf starfsemi sína 2. ágúst 1994 og var í fyrstu ætluð sem þróunarverkefni til þriggja ára með það að markmiði að skapa atvinnulausum konum nýjan grunn til að byggja á í lífi og starfi. Fyrstu þrjú árin var Menntasmiðja kvenna rekin í samstarfi Akureyrarbæjar og ríkisins en seinna lögðu nágrannasveitarfélögin, Norræna ráðherranefndin, Rauði krossinn og fleiri fram fé til rekstursins.

Nám í Menntasmiðju kvenna var dagnám, kennt var skv. stundaskrá frá 9 – 15 alla virka daga, nema föstudaga til 12. Miðað var við að hver nemandi sæti skólann í eina önn og gæti síðan farið út á vinnumarkaðinn eða í áframhaldandi nám. Hver önn var að jafnaði 14 – 16 vikur og lögð áhersla á þrjá meginþætti, bóknám, verknám og sjálfsstyrkingu. Verknámið fór að miklu leyti fram í samstarfi við tómskundamiðstöðina Punktinn.

Árið 1996 var farið að bjóða upp á kvöld- og helgarnámskeið, meðal annars fyrir nýbúa, námskeið um konur og stjórnmál og fleiri námskeið sem voru opin öllum, ekki aðeins konum.

Árið 1999 var nafni Menntasmiðju kvenna breytt í Menntasmiðjan á Akureyri, í samræmi við útvíkkun starfseminnar. Þá var farið að bjóða upp á námskeið í atvinnuleit, nýliðanámskeið fyrir starfsfólk Akureyrarbæjar, starfslokanámskeið, dagmæðranámskeið og fleira.

Árið 2002 byrjaði Menntasmiðjan með Menntasmiðju unga fólksins en það var nám í svipuðum stíl og Menntasmiðja kvenna, ætlað atvinnulausu fólki á aldrinum 17 – 25 ára.

Árið 2008 tók Starfsendurhæfing Norðurlands yfir rekstur Menntasmiðjunnar með starfssamningi við Akureyrarbæ.

Afhendingin barst frá Elínu Dögg Guðjónsdóttur. Aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara eru 2009/31, 2016/100 og 2018/16.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
5. desember 2019

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir
Skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
Akureyrarbær			2014 / 58
M-Menntasmiðjan			
MMA-Menntasmiðjan - myndir, (Menntasmiðja kvenna)		1994 - 2001	
2014 - MM / 1	1	1994- 1996 Myndir úr starfi.	Myndaalbúm
2014 - MM / 1	2	1996- 1997 Myndir úr starfi.	Myndaalbúm
2014 - MM / 2	1	1997- 2000 Myndir úr starfi.	Myndaalbúm
2014 - MM / 2	2	1998- 1998 Myndir úr starfi.	Myndaalbúm
2014 - MM / 3	1	1999- 1999 Myndir úr starfi.	Myndaalbúm
2014 - MM / 3	2	2000- 2001 Myndir úr starfi.	Myndaalbúm
2014 - MM / 4	1	2001- 2001 Myndir úr starfi.	Myndaalbúm
2014 - MM / 4	2	2001- 2001 Myndir úr starfi.	Myndaalbúm
2014 - MM / 5	1	- Myndir úr starfi.	Myndaalbúm. Myndirnar eru ekki ársettar.
MMA-Menntasmiðjan - myndir, (Menntasmiðja unga)		2003 - 2003	
2014 - MM / 5	2	2003- 2003 Myndir úr starfi.	Myndaalbúm.